

Námshgrein: Náttúrugreinar

Bekkur: 9

Tímahjöldi á viku: 2 x 60 mín

Kennsluáðferðir og skipulag

Notast verður við kennslubækurnar Eðlisfræði 2, Mannlíkaminn og Maður og náttúra. Einnig verður mikið unnið með efni á netinu.

Kennsluáðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins og til að nemendur kynnist og nái tökum á fjölbreyttum leiðum til náms. Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstíl nemenda.

Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi áðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Í þessum áfanga verða útlistunarkennsla, spegluð kennsla, þjálfunaræfingar, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferð og hópvinubrógð.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Rýna þarf í textann og skilgreina hugtök. Einnig þurfa þau að lesa úr ýmiskonar myndum og líkönum.
Sjálfbærni	Nemendur læra um ábyrga neyslu og hegðun.
Heilbrigði og velferð	Nemendur læra hvernig þeir eigi að fara með líkama sinn, þar sem áhersla er lögð á kynheilbrigði.
Jafnrétti	Í öllum hópverkefnum þurfa nemendur að taka tillit til annarra nemenda og geta unnið saman.
Sköpun	Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem sköpun þeirra fær að njóta sín.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Mannslíkaminn: Viðfangsefni 9. bekkjar er helstu líffæri og líffærakerfi líkamans. Einnig verður farið í hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun. Að lokum verður farið í það hvernig fóstur verður til og þroskast og hvað felst í ábyrgri kynhegðun.	Mannslíkaminn. Veraldarvefurinn.	Að nemandi: - Geti útskýrt helstu hlutverk líffæra og líffærakerfa mannlíkamans. - Geti útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun. - Geti útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra.	Verkefni í kennslustundum Umræður í kennslustundum
Næringarfræði: Nemendur læra um næringarefni og hvað felst í hollu mataræði.	Mannslíkaminn. Veraldarvefurinn.	Að nemandi: - Þekki helstu næringarefni og hlutverk þeirra í mannlíkamanum. - Viti hvað felst í hollu mataræði og heilbrigðum lífstíl. - Geti fjallað á gagnrýninn hátt um aukaefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla.	Verkefni í kennslustundum Umræður í kennslustundum
Erfðafræði: Nemendur fá að kynna helstu hugtökum og viðfangsefnum erfðafræðinnar	Maður og náttúra Veraldarvefurinn.	Að nemandi: - Geti útskýrt hugtökin DNA, gen og litningar. - Geti útskýrt á einfaldan hátt hvernig erfðaefni berst á milli kynslóða.	Verkefni í kennslustundum Umræður í kennslustundum

--	--	--	--